

Ársskýrsla vísindanefndar 2002

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Við úthlutunarvinnuna á árinu 2002 (vegna úthlutunar 2003) var unnið samkvæmt sama ferli og árið áður þar sem faglegt mat var skilið frá úthlutunarvinnunni.

Við faglega matið störfuðu þrjú fagráð: Fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru u.þ.b. 5 fulltrúar þar af einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráð meta allar umsóknir á sínu fagsviði. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður og leitast við að styrkja sérstaklega góð verkefni. Mjög mikil samkeppni var þó um fjármuni sjóðsins að þessu sinni og var stjórninni erfitt verk á höndum. Umsóknir voru 200 talsins í stað 170 árið áður. Af þessum sökum þurfti því miður að lækka verulega styrki frá fyrra ári til góðra framhaldsverkefna. Meðalstyrkur úr rannsóknasjóði HÍ var 702 þkr. sem er heldur lægra en árið áður en mun hærra en fyrri ár. (Sjá nánar í kafla um Rannsóknasjóð). Nefndin sá einnig um úthlutun verkefnabundinna tækjakaupa eins og áður.

Vísindanefnd tilnefndi þrjú vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Viðar Guðmundsson, prófessor í raunvísindadeild og var honum veitt verðlaunin á brautskráningu Háskólans þann 26. október. Þá veitti nefndin umsögn um þrjú frumvörp vegna vísindarannsókna sem m.a. lág til grundvallar umsögn Háskóla Íslands um frumvörpin.

Dæmi um nokkur önnur mál sem voru afgreidd frá nefndinni á árinu:

- Umsögn um þróunaráætlanir hjúkrunarfræði- og læknadeildar.
- Umsögn um viðbótarsamning Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss.
- Mótun reglna um ritrýningu hjá Háskólaútgáfunni.
- Tilnefning til John W. Kluge verðlaunanna.
- Umfjöllun um hagnýtingu hugverka starfsmanna Háskóla Íslands.
- Umsögn um matsferli Rannsóknánámssjóðs.
- Fagleg umfjöllun um umsóknir fyrir Rannsóknánámssjóð.